

Alþingi
Erindi nr. P 141/67
komudagur 8.10.2012

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t Eiríks Áka Eggertssonar
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík, 8. október 2012.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga (94.mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér margvíslegar breytingar á lögum um ársreikninga.

Viðskiptaráð tekur undir með ráðuneytinu að mikilvægt sé að ársreikningar séu skýrir og gefi glögga mynd af stöðu félaga. Að sama skapi er það mikilvægt fyrir gangverk viðskiptalífs og hagkerfis í heild að grunn rekstrarupplýsingar fyrirtækja liggi fyrir á réttum tíma. Viðskiptaráð hefur undanfarin ár hvatt fyrirtæki til að gera bragarbót á skilum ársreikninga, en talsverð vanhöld hafa verið þar á. Að mati Viðskiptaráðs er hækkun viðmiðunarmarka í 1. gr. af hinu góða enda 12 ár síðan þeim var breytt síðast. Það sama á við um óhæðisskilyrði skoðunarmanna sbr. 12. gr. og frekari aðgreiningu hlutverka þeirra og endurskoðenda sbr. 93. þingmál. Eins með aukið svigrúm fyrirtækja til að skila ársreikningum á ensku eða dönsku sbr. 5. gr. Þar þyrfti þó að fela ársreikningaskrá að útfæra ákvæðið nánar og birta leiðbeiningar þess efnis á vefsíðu RSK.

Undirritaður leggur til að ársreikningaskrá verði falið að skýra nánar 5. gr. frumvarpsins og birta leiðbeiningar þess efnis á vefsvæði RSK.

Þá telur undirritaður það jákvætt að álagðar sektir vegna vanskila á ársreikningum séu lækkaðar bregðist menn skjótt við ábendingum ársreikningaskrár, sbr. 28. gr. frumvarpsins. Því tengdu og í ljósi nýlegra fregna af umfangi slíkra vanskila leggur undirritaður til að nefndin feli ársreikningaskrá að kanna fyrirkomulag viðurlaga á Norðurlöndunum. Samkvæmt upplýsingum undirritaðs hafa fyrirtækjaskrár Svíþjóðar, Danmörku, Finnlands og Noregs heimild til að sekta stjórnarmenn og/eða framkvæmdastjóra sé ársreikningum ekki skilað á tilsettum tíma. Það sama virðist eiga við um fyrirtækjaskrár Bretlands og Írlands. Þó virðist sem í umræddum löndum sé ekki kveðið á um 6 ára refsiramma líkt og hér. Ekki er úr vegi að skoða samræmingu íslenskrar löggjafar að þessu leyti enda almennt æskilegt að löggjöf hér á landi sé í takti við það sem gengur og gerist erlendis (þó það eigi ekki eingöngu að gilda um viðurlög og skattahækkningar, eins og of oft vill verða) auk þess sem umfangsmikil vanskil ársreikninga geta dregið úr tiltrú á atvinnulífið, bæði hér heima og erlendis, gert gagnverk viðskipta tregara, hækkað viðskiptakostnað og rýrt viðskiptakjör.¹

Þá mætti skoða það að bæta milliliðalaus upplýsingagjöf milli RSK/Ársreikningaskrár og forsvarsmanna fyrirtækja, sem nú fer að mestu fram í gegnum endurskoðendur. Talsvert hefur borið á því að forsvarsmenn fyrirtækja, sem enn ekki hafa skilað ársreikningi, telji að ársreikningi hafi þegar verið skilað. Hægur vandi ætti að vera að senda forsvarsmönnum fyrirtækja, framkvæmdastjóra og/eða stjórnarformanni, staðfestingu á tölvupósti þegar ársreikningi hefur verið skilað og að sama skapi mætti senda sömu aðilum tölvupóst til áminningar um skil stuttu eftir að frestur er liðinn, hafi reikningar ekki skilað sér.² Líklegt er að smávægilegar lagfæringar á ferli skila ársreikninga og samskiptum Ársreikningaskrár, stjórnenda og stjórnarmanna, myndu hafa verulega jákvæð áhrif á skil.

Einnig er vert að huga að breytingum á 83. gr. laga um einkahlutafélög, sbr. 108. gr. laga um hlutafélög, varðandi áhrif afskráningar til að auðvelda fyrirtækjaskrá að slíta félögum sem ekki sinna lögbundnum skyldum sínum á þessu sviði. Með því mætti á skilvirkan máta hreinsa fyrirtæki sem standa sig ekki í stykkinu út úr kerfinu – hinum til hagsbóta – en töluverður fjöldi þeirra ríflega 30.000 fyrirtækja sem ætlað

¹ Sjá frekari upplýsingar um skil ársreikninga fyrir rekstrarárið 2011 [á vef Viðskiptaráðs](#).

² Þess má geta að Ársreikningaskrá hefur upplýsingar um tölvupóstfang allra stjórnarmanna og framkvæmdastjóra, en þær upplýsingar fylgja með í eyðublöðum til Fyrirtækjaskrár.

er að skila ársreikningum eru ekki lengur í virkri starfsemi. Fyrirtækjaskrá er með ákveðnar hugmyndir hvað þetta varðar og gæti nefndin kallað eftir þeim.

Undirritaður leggur til að nefndin kanni sérstaklega, í samræði við ársreikningaskrá, Fyrirtækjaskrá, Viðskiptaráð o.fl., hvernig viðurlögum vegna vanskila á ársreikningum er háttað í samanburðarlöndum.

Í 26. gr. frumvarpsins er kveðið á um breytingar tengdar reikningsskilaráði m.a. er varða nafnabreytingu Verslunarráðs. Er þar vísað til þess að nafni Verslunarráðs Íslands hafi verið breytt í Viðskiptaráð og lögð til breyting í samræmi við það. Rétt er að nafninu var breytt í Viðskiptaráð Íslands og leggur undirritaður því til að í ákvæðinu verði vísað til Viðskiptaráðs Íslands en ekki aðeins Viðskiptaráðs.

Undirritaður leggur til að vísað verði til Viðskiptaráðs Íslands í b. lið 26. gr. frumvarpsins.

Í b. lið 18. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að endurskoðendur gefi álit sitt á því hvort skýrsla stjórnar hafi að geyma upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við ársreikninginn og sé svo ekki skulu endurskoðendur vekja athygli á því í áritun sinni.

Að mati Viðskiptaráðs er þetta ákvæði vandasamt í framkvæmd. Munar þar mestu að í ákvæðinu er ekki vísað til VI. kafla laga um ársreikninga sem fjallar um skýrslu stjórnar en þar er m.a. að finna ákvæði um hvaða upplýsingar slíkar skýrslur eiga að bera með sér. Afmörkun ákvæðisins er því óljós. Í öðru lagi er kveðið á um það í [lögum um endurskoðendur nr. 79/2008](#) að áritun skuli vera í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla. Ef talin er þörf á að bæta við efnisatriði áritunar væri rétt, til einföldunar, að kveða svo á um í lögum um endurskoðendur.

Undirritaður leggur til að b. liður 18. gr. frumvarpsins verði a.m.k. afmörkuð nánar sbr. framangreint.

Í samræmi við 7. gr. frumvarpsins sbr. 65. gr. ársreikningalaga telur undirritaður rétt að skoðað verði nánar að kveða svo á um að fyrirtæki láti fylgja með ársreikningi upplýsingar um fjölda starfsmanna. Eins og staðan er í dag þá eru nýjustu tölur um skiptingu fyrirtækja eftir fjölda starfsmanna frá árinu 2005. Skortur á þessum upplýsingum gerir hagtölugerð á sviði fyrirtækja erfiðari. Má þar m.a. vísa til alþjóðlegra flokkana á litlum og meðalstórum fyrirtækjum og svo kölluð vaxtarfyrirtæki (e. growth companies). Þekkt er að þetta er einn þeirra þátta sem Hagstofan vill færa til betri vegar á næstu misserum.

Þá myndi þetta gera alla eftirfylgni með lögum, m.a. af hálfu Fyrirtækjaskrár, sem byggja á starfsmannaviðmiðum auðveldari en þar má m.a. vísa til ákvæða um kynjakvóta í stjórnnum. Þar ber þó að hafa í huga að slík viðmið eru ekki samræmd í lögum. Er t.a.m. vísað stundum til tiltekins fjölda starfsmanna að jafnaði á ársgrundvelli, fjölda ársverka á reikningsári, fjölda starfsmanna án þess að tímabil sé nefnt eða jafnvel skilgreiningu ESB á litlum og meðalstórum fyrirtækjum.³ Til þess að upplýsingagjöf um fjölda starfsmanna myndi nýtast við eftirlit þyrfti að samræma hugtakanotkun. Eðlilegast væri að vísa þar til stöðugilda enda um auðskilgreint og vel þekkt viðmið að ræða.

Undirritaður leggur til að í 7. gr. frumvarpsins verði kveðið á um að upplýsingar um fjölda stöðugilda fylgi með skýrslum stjórnna.

Hvað varðar 6. gr. frumvarpsins um starfrækslugjaldmiðil þá hefur Viðskiptaráð reglulega gert athugasemdir við framkvæmdina hér á landi og lagt til að ákvæðið verði rýmkað enda kostir slíks uppgjör augljósir fyrir mörg fyrirtæki.⁴ Hefur ráðið t.a.m. lagt til að 3. og 4. mgr. 1. gr. hlutafélagalaga verði breytt þannig að 5 ára tímamark nýs gjaldmiðils verði afnumið (sbr. 2. mgr. 9. gr. ársreikningalaga) og að upptalning gjaldmiðla sem ákveða megi hlutafélagagsins í verði felld brott og þess í stað verði vísað til þeirra gjaldmiðla sem hafa skráð gengi hjá Seðlabanka Íslands.

³ Sjá hér 63. gr. laga um hlutafélög, c. lið 1. mgr. 1. gr. ársreikningalaga, 1. mgr. 3. gr. laga um bókhald, 2. mgr. 18. gr. laga um jafna stöðu karla og kvenna og 3. gr. laga um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki.

⁴ Sjá nánar skoðun VÍ [Uppgjör í erlendum gjaldmiðlum](#) frá árinu 2008.

Þá er það álit Viðskiptaráðs að hlutverk ársreikningaskrár eigi ekki að vera það að veita félögum heimild til uppgjors í erlendum gjaldmiðlum. Ef félögum ber samkvæmt ákvæðum IFRS og ársreikningalögum að gera upp í sínum starfsrækslugjaldmiðli, þá öðrum en íslenskum krónum, þá á þeim eingöngu að vera skylt að tilkynna ársreikningaskrá um þann gjaldmiðil. Ef augljóst er að félag sem ætlar sér að taka upp annan starfsrækslugjaldmiðil uppfyllir ekki skilyrði IFRS þar að lútandi ætti ársreikningaskrá hins vegar að vera heimilt að neita fyrirtækjum um þær ráðstafanir enda ber ársreikningaskrá skv. 94. gr. laganna að hafa eftirlit með beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla.

Hvað þetta varðar má benda á 90. gr. ársreikningalaga en þar segir að félagi sem beri að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við samningu samstæðureiknings sé það einnig heimilt við samningu síns ársreiknings. Í eldra ákvæði laganna var um að ræða skyldu en sú skylda var felld brott með lögum nr. 171/2007 og í greinargerð þeirra sagði m.a.

„Í a-lið er lagt til að skylda móðurfélaga og dótturfélaga sem eru innifalin í samstæðureikningsskilum, svo og félaga skv. 1. másl. 4. tölul. 1. mgr. 1. gr., sem eru í meirihlutaeigu félaga í samstæðunni, til að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlunum verði felld niður. Þess í stað er lagt til að stjórn viðkomandi félags geti ákveðið hvort það beiti alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við samningu ársreiknings og árshlutareiknings.“

Af þessu leiðir að það er stjórnar félagsins að meta hverju sinni hvort alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé beitt við samningu ársreiknings. Verður þetta ekki betur skilið en svo að það sé jafnframt stjórnarinnar að meta, með tilliti til ákvæða IFRS, hvort annar gjaldmiðill en krónan vegi hlutfallslega mest í aðalefnahagssumhverfi félagsins. Er þetta einkar eðlilegt enda eru stjórnir félaga mun betur í stakk búar að meta slíka hluti en aðrir. Vegna þessa telur Viðskiptaráð að félög sem kjósa að beita IFRS stöðlum og eiga skv. 17. gr. staðalsins að nota aðra uppgjörsmýnt en krónu ættu einungis að þurfa að tilkynna ársreikningaskrá um þann gjaldmiðil.

Að mati Viðskiptaráðs hefur aldrei komið nægilega skýrt fram hvers vegna hið opinbera telur mikilvægt að samþykkja uppgjör íslenskra fyrirtækja í erlendum gjaldmiðlum fyrirfram, en ekki er þörf á að afla slíks leyfis til að beita öðrum reikningsskilareglum sem lögin eða staðlarnir kveða á um. Slík uppgjör eru eðlilegur fylgifiskur alþjóðavæðingar eins og fjölgun fyrirtækja með þannig uppgjör sýnir síðastliðin áratug, en þeim fjölgaði frá 30 árið 2002 í 287 árið 2011.⁵ Þá eru uppgjör í erlendum gjaldmiðlum í mörgum tilvikum til þess fallin að styrkja frekar stöðu íslenskra fyrirtækja og gera þau að fýsilegri kosti fyrir erlenda fjárfesta, eins og reifað er í greinargerð frumvarpsins.

Sú breyting sem lögð er til í frumvarpinu er þó af hinu góða enda mun frekar verið að miða við efni IAS 21 staðalsins en gert er í núgildandi löggjöf, eins og kemur fram í greinargerð frumvarpsins.

Viðskiptaráð leggur til að nefndin skoði sérstaklega hvort þörf sé á því að skylda fyrirtæki til að sækja fyrirfram um heimild til uppgjors í erlendum gjaldmiðlum og þá með hliðsjón af sambærilegri framkvæmd í samanburðarlöndum.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga, en hvetur til þess að framangreindar athugasemdir verði skoðaðar nánar.

Virðingarfyllst,



Haraldur I. Birgisson
Aðstoðarframkvæmdastjóri
Viðskiptaráð Íslands

⁵ Sjá nýjasta [tölublað Tíundar](#), bls. 64-65.